

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 11. nóvember 2008

Morgunverðarfundur með Seðlabankastjóra

Þriðjudaginn 18. nóvember stendur Viðskiptaráð fyrir árlegum morgunverðarfundum í tilefni útgáfu Peningamála. Þar mun Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, ræða um hagstjórnina. Þeir sem taka til máls í umræðum að lokinni framsögu eru:

- Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabankans
- Yngvi Örn Kristinsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans
- Gylfi Zoega, deildarforseti og prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands
- Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis

Friðrik Már Baldursson, forstöðumaður Rannsóknarstofnunar í fjármálum við Háskólann í Reykjavík, stjórnar umræðum. Fundurinn hefst kl. 08:15 og stendur til kl. 9:30 á Hilton Nordica. Fundargjald er kr. 3.500 með morgunverði. Fundurinn er öllum opin. Skráning fer fram [hér](#).

Mikilvægt að skila upplýsingum

Eins og Viðskiptaráð hefur áður bent á er afar brýnt að þau fyrirtæki, sem eiga eftir að skila inn ársreikningi 2007 (og í sumum tilfellum árshlutareikningi 2008), geri það hið fyrsta. Þetta er forsenda þess að erlend greiðsluþryggingarfélag fái aftur til að tryggja greiðslur íslenskra fyrirtækja. Upplýsingar sendist á reports@creditinfo.com.

Gjaldeyrismál

Staðan á gjaldeyrismarkaði hefur lítið breyst undanfarna daga og er temprun gjaldeyrísútflæðis Seðlabankans enn við lýði. Viðskiptabankarnir þrír, Glitnir, Landsbanki og Kaupþing, geta afgreitt erlendar greiðslur í einhverjum mæli en miðlunin er óábyggileg og miklum takmörkunum háð. Sparisjóðabankinn býr þó sem fyrr yfir greiðslumiðlunarkerfi sem virkar.

Á meðan óvissa ríkir um endanlega aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lánveitaingar annarra aðila til Íslands mun ástandið á gjaldeyrismarkaði ekki breytast. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðamenn beiti sér fyrir því að fá niðurstöðu í þessi mál sem fyrst. Afgreiðslu umsóknar Íslands hefur nú verið frestað margsinnis hjá IMF án þess að fyrir því liggi skýrar ástæður.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja gefnar út á næstunni

Viðskiptaráð Íslands hefur í samstarfi við Kauphöllina og Samtök Atvinnulífsins þróað leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja að fyrirmynd OECD. Vinna þessi er nú á lokastigi. Nánari upplýsingar veitir Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur Viðskiptaráðs.